



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/786
komudagur 7.1.2014

7. janúar 2014


Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna, 197. mál.

Samtök atvinnulífsins telja æskilegt að miðað verði við að sami tímamunur verði milli Íslands og helstu viðskiptalanda sem stærstan hluta ársins. Þannig verði klukkan hér á landi færð til um klukkustund á sama tíma og það er gert í Evrópu.

Bæði í Evrópu og í Norður Ameríku er tekinn upp sumartími. Það er þó ekki gert á sama tíma. Í Bandaríkjunum og Kanada tekur sumartími gildi 2. sunnudag í mars en í Evrópu síðasta sunnudag í mars. Þannig líða tvær eða þrjár vikur frá því sumartími er tekinn upp vestan hafs þar til hið sama gerist í Evrópu. Árið 2014 eru þessar dagsetningar 9. mars og 30. mars og munar því þremur vikum en munurinn árin 2015 og 2016 eru tvær vikur. Sumartíma lýkur svo í Evrópu síðasta sunnudag í október en einni viku síðar í Norður Ameríku.

Með því að færa klukkuna á sama tíma og í Evrópu yrði tímamunur milli Bretlands og Íslands 1 klst. allt árið. Svipað ætti við um önnur ríki Evrópu. Milli Íslands og Bandaríkjanna og Kanada yrði sami tímamunur allt árið að undanteknum 3 eða 4 vikum árlega.

Virðingarfyllst,


Þórunn Rasmussen
forstöðumaður.